

Minnisblað um minkarannsókn í Gilsfirði haust 2003

Útdráttur

Gerðar voru athuganir á veru minks í grjótvörn á vegfyllingu í Gilsfirði.

Tveir minkar fundust í garðinum en engin ummerki eftir greni. Athuganir benda því til þess að garðurinn sé ekki uppeldisstöð fyrir mink.

Inngangur

Vegna ábendingar um að minkar notuðu grjótgarð sem uppeldisstöð var farið í Gilsfjörð og svæðið athugað að beiðni Vegagerðarinnar.

Aðferð

Farið var 6. september 2003 að morgni til og svæðið athugað. Tveir menn gengu svæðið og tveir hundar af Terrier kyni leituðu að ummerkjum eftir mink. Fyrst var allur garðurinn genginn að utanverðu (frá norðri til suðurs) og svo tilbaka að innanverðu (suður til norðurs). Skráð var þegar hundarnir urðu varir við eitthvað (mink, slóði eða annað). Teiknuð var inn staðsetning ef um mink væri að ræða eða ferska lykt (mynd 1) og tekin hnit (GPS). Einnig voru svæði skoðuð inn af garðinum báðum megin í firðinum.

Niðurstöður


Skráð voru niður 15 tilvik þar sem hundarnir urðu varir við eitthvað, hvort sem það gat verið minkur eða eitthvað allt annað (tafla 1).

Tafla 1. Lýsing á því sem hundarnir fundu og staðsetning.

Staður (nr.)	GPS/staðsetning	Lýsing
	Garðurinn utanverður	
1		Fersk lykt, slóð.
2		Slóði, kannski viðverustaður.
3	65°26.85 – 21°54.08, við brúna	Ilmur, ekki sterk.
4	65°26.72 – 21°53.80	Ilmur, slóði af veginum.
5		Eitthvað (hræ, dauf lykt o.fl.).
6	65°26.32 – 21°53.42	Sterk lykt, minkur . Á hreyfingu.
7	65°26.14 – 21°53.38	Ilmur, enginn minkur en hefur verið hér.
8	65°26.01 – 21°53.38	Dauf lykt, kannski hræ eða gömul slóð.
9	65°25.97 – 21°53.38, hreppaskiltið	Sterk lykt, engin minkur en ný slóð.
	Garðurinn innanverður	
10		Ilmur, dauf lykt.

11		Ilmur, farið hér um.
12	65°25.54 – 21°53.53	Ilmur, dauf lykt. Farið hér um eða hræ.
13	65°25.93 – 21°53.36, hreppaskiltið	Ilmur, dauf lykt. Sterkara nær skiltinu.
14	65°26.15 – 21°53.34	Sterk lykt. Hafði verið þarna.
15	65°26.76 – 21°53.84	Minkur. Á hreyfingu.

Það fannst minkur á stað nr. 15 og fersk lykt á stað nr. 1-4 en það er í grennd við minkinn. Síðan var minkur á stað nr. 6 og nokkuð sterk lykt á stað 7, 9, 13 og 14. Það eru 8-900 m á milli þessara tveggja minka sem fundust og 300-700 m á milli minksins á stað 6 og sterkrar lyktar sunnan við staðinn. Líklegast er minkurinn á stað 6 að nota svæðið sunnan við eða um þriðja mink að ræða en hafi ekki fundist í þessu tilviki.



Mynd 1. Veglína yfir Gilsfjörð með númerum (tafla 1) þar sem minkur fannst eða sterk lykt.

Engin ummerki fundust um greni í garðinum enda ólíklegur sem slíkur þar sem enginn gróður er í honum.

Farið var inn að norðanverðum firðinum í átt að Gróustöðum og leitað eftir mink. Ekkert fannst á ca 1300 m kafla með fjörunni og var svæði í kringum veginn lauslega skoðað á leiðinni tilbaka en ekkert fannst þar heldur.

Gengið var frá garðinum og inn með sunnanverðum firðinum ca 1700 m en ekkert fannst.

Umræða

Það fundust tveir minkar og það er möguleiki að það hafi verið einn til viðbótar í garðinum.

Á stað nr. 15 þar sem minkur fannst er sker fyrir innan garðinn sem minkurinn kemst út í. Þar var lítið æða- og kríuvarp í sumar að sögn Bergsveins Reynissonar á Gróustöðum og hafði hann gert usla í því. Einnig voru ferskar slóðir norðan við staðinn að Langeyri og eru þær líklega eftir sama minkinn.

Það var minkur á stað nr. 6 og fersk lykt hátt í 700 m sunnan við staðinn. Lyktin fannst á ca 300 m millibili og skýringin gæti verið sú að minkurinn hafi farið niður í fjöru og flóðið síðan hulið slóðan. Einnig er möguleiki að það hafi verið þriðji minkur á svæðinu en ekki fundist í þessu tilviki.

Líklega voru þetta steggir á stað nr. 6 og 15 þar sem það er nokkuð langt á milli þeirra en yrðlingar úr sama greni hefðu öllu líkindum verið nær hvor öðrum.

Inn með sunnanverðum firðinum var greni unnið fyrir þremur árum en nú fannst ekkert á sama stað. Við Kaldrana hafði ekkert fundist fyrir þremur árum en var ekki skoðað núna.

Róbert A. Stefánsson segir í minnisblaði¹ til Vegagerðarinnar m.a. að minkum geti ekki fjölgað nema upp að því marki sem framboð fæðu og hentugra felustaða leyfir. Grjótgarðar fela því sjálfu sér ekki fjölgun á mink en erfiðra getur verið að vinna minkinn og því tjón meira samfara því.

Garðurinn er líklega mjög óhentugur fyrir greni þar sem enginn gróður er í honum og erfitt er að loka grenið af. Þeir minkar sem fundust eru því líklega fullorðnir steggir og styrkir það hversu langt var á milli þeirra.

Garðurinn er því að öllu líkindum ekki uppeldisstöð minka.

10. september 2003

Böðvar Þórisson líffræðingur Náttúrustofa Vestfjarða

Eiríkur Beck veiðimaður Reykjavík

Tara og Tinna minkahundar

¹Róbert A. Stefánsson. 2002. Umsögn um stjórnslukæru vegna langningar Snæfellsvegar um Kolgrafafjörð. Minnisblað til Vegagerðarinnar.

Þakkir

Róbert Stefánsson og Páll Hersteinsson fá þakkir fyrir upplýsingar og liðveislu í þessu verkefni. Einnig fær Bergsveinn Reynisson þakkir fyrir upplýsingar um dýralíf í Gilsfirði.